

Sp.

752. Fyrirspurn

[406. mál]

til samgönguráðherra um kaupskipaeign Íslendinga og leigu erlendra farskipa.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig hefur þróunin verið í kaupskipaeign og farskiparekstri Íslendinga undanfarin tíu ár?
2. Hve mörg leigufarskip eru í þjónustu útgerðarfyrirtækjanna
 - a. mönnuð Íslendingum,
 - b. mönnuð erlendum sjómönnum?Hve mörg þeirra eru í áætlunarsiglingum, strandsiglingum og tímabundnum siglingum?
3. Hver var kostnaður við leigu viðkomandi skipa undanfarin tvö ár:
 - a. í þurrleigu, þ.e. mönnuð Íslendingum,
 - b. í tímaleigu, þ.e. mönnuð útlendingum?
4. Hefur íslenskum farmönnum fækkað eða fjölgað undanfarin tíu ár?
5. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að koma í veg fyrir að íslenskir farmenn verði fyrir atvinnumissi vegna mikillar leiguskipatöku?